

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2000

frá 31. maí 2000

um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIV. viðauka var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/1999 frá 25. júní 1999⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 frá 19. apríl 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka)⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 kemur, með gildistöku frá 26. apríl 2000, í stað reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95 frá 20. apríl 1995 um beitingu 3. mgr. 85. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka)⁽³⁾, sem er hluti af samningnum og þar af leiðandi ber að endurnýja hana samkvæmt samningnum, með gildistöku frá 26. apríl 2000.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, b ls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 89, 21.4.1995, b ls. 7.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 11c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 870/95) í XIV. viðauka við samninginn:

„**32000 R 0823**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 frá 19. apríl 2000 um beitingu 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða milli áætlunarskipafélaga (skipafélagasamtaka) (Stjtið. EB L 100, 20.4.2000, bls. 24).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 1. gr. lesist orðin „hafnir innan bandalagsins“ sem „hafnir innan svæðisins sem EES-samningurinn tekur til“.
- b) Í 1. mgr. 7. gr. lesist klausan „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórninni í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 og að framkvæmdastjórnin hreyfi ekki andmælum“ sem „að því tilskildu að umræddir samningar séu tilkynntir framkvæmdastjórn EB eða eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ákvæði reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98, og samsvarandi ákvæði í bókun 21 við EES-samninginn, og að þar til bær eftirlitsstofnun hreyfi ekki andmælum“.
- c) Eftirfarandi bætist við í lok 1. mgr. 7. gr.:

„, eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 við EES-samninginn.“
- d) Eftirfarandi komi í stað annars málsliðar 3. mgr. 7. gr.:

„Henni ber að andmæla undanþágu fá hún beiðni um það frá ríki sem heyrir undir lögsögu hennar innan þriggja mánaða frá því að tilkynningunni sem um getur í 1. mgr. var komið á leiðis til þessara ríkja“.
- e) Eftirfarandi komi í stað annars málsliðar 4. mgr. 7. gr.:

„Hafi andmælum hins vegar verið hreyft að beiðni ríkis sem heyrir undir lögsögu hennar og haldi það ríki fast við beiðni sína er einungis unnt að falla frá þeim að höfðu samráði við ráðgjafarnefndina um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu í flutningum á sjó“.
- f) Eftirfarandi bætist við í lok 7. mgr. 7. gr.:

„, eða samsvarandi ákvæði í bókun 21 við EES-samninginn.“
- g) Í upphafsmálgrein 12. gr. lesist klausan „á grundvelli 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 479/92“ sem „annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni hinnar

eftirlitsstofnunarinnar, eða ríkis innan lögsögu hennar, eða einstaklings eða lögpersónu sem hefur lögmætra hagsmuna að gæta.“

2. gr.

Texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 823/2000 frá 19. apríl 2000 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. júní 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún gildir frá 26. apríl 2000.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

F. Barbato

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnsýsluleg skilyrði tilgreind.